



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/989*  
*komudagur 23.2.2006.*

Reykjavík 22. febrúar 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.**

Alþýðusambandið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði um hlutafélög í eigu hins opinbera. Alþýðusambandið styður þá stefnumótun sem liggur til grundvallar frumvarpinu, þ.e. að mælt sé fyrir um auknar skyldur varðandi upplýsingagjöf til almennings þegar í hlut eiga hlutafélög í eigu opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga, til viðbótar þeim sem almennt gilda í slíkum félögum.

Alþýðusambandið gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við efni einstakra ákvæða frumvarpsins. Að mati ASÍ tryggir frumvarpið ekki nægilega vel aðgengi starfsmanna, stjórnáráðmanna og fjölmiðla, að upplýsingum um málefni opinberra hlutafélaga, stefnumótun í þeirra nafni og/eða sölu á hlutum í þeim.

Eignarhald hins opinbera á hlutum í hlutafélögum er að sönnu ekki markmið í sjálfu sér heldur að jafnaði liður í ákveðnu ferli er tengist sölu opinberra eigna og/eða einkavæðingu opinberra þjónustu. Það ferli getur gengið mjög hratt fyrir sig þegar allir hlutir í slíkum félögum eru seldir á sama tíma til eins eða fleiri einkaaðila. Ferlið getur hins vegar einnig tekið lengri tíma. Þannig getur sala á hlutum í opinberu hlutafélagi til einkaaðila farið fram í nokkrum skrefum, eftir því hver stefnumótun stjórnvalda á þessu sviði er á hverjum tíma. Hugtakið opinbert hlutafélag er hins vegar skilgreint í frumvarpi ríkisstjórnarinnar mjög þröngt og mun ef samþykkt verður valda því að slíkt félag mun missa sérstöðu sína sem opinbert hlutafélag við það eitt að einn hlutur er seldur út úr því til einkaaðila. Um leið munu þær auknu skyldur varðandi aðgang fjölmiðla og annarra að upplýsingum um málefni slíkra félaga ekki lengur eiga við. Geta stjórnvöld þá í framhaldi komið sér undan því að veita almenningi nauðsynlegar upplýsingar honum til stuðnings í opinberri umræðu

um einkavæðingu opinberra þjónustu með því að bera fyrir sig ómöguleika við veitingu upplýsinga þar sem þær varði einkamálefni venjulegs hlutafélags. Að mati ASÍ stríðir hin þrönga skilgreining hugtaksins gegn markmiðum frumvarpsins. Sjá nánar athugasemdir með 1. gr. frumvarpsins.

Athygli vekur að með frumvarpinu fylgja litlar sem engar skýringar í greinargerð og er það mikið stílbrot miðað við annað frumvarp ríkisstjórnarinnar þar sem einnig eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, sbr. mál nr. 444.

#### *Um 1. gr.*

Lagt er til að tekið verði upp í frumvarpið ákvæði er skilgreinir hugtakið opinbert hlutafélag með sama hætti og gert er í dönsku hlutafélagalögin, sbr. 2. gr. a þeirra laga. Samkvæmt því ákvæði telst um opinbert hlutafélag að ræða ef danska ríkið hefur sömu tengsl við félagið og móðurfélag við dótturfélag. Sambærilegt ákvæði að þessu leyti er að finna 2. gr. íslensku hlutafélagalaganna.

Með því væri tryggt að hlutafélagið teldist áfram opinbert hlutafélög í skilningi laga þó seldir væri einn eða fleiri hlutir í félaginu til einkaaðila. Það væri ekki fyrr en meirihluti hluta félagsins væru komnir í eigu einkaaðila að félagið myndi missa stöðu sína sem opinbert hlutafélag. Slíkt ákvæði myndi samræmast betur tilgangi frumvarpsins sem er að skapa aukið traust á því ferli sem liggur til grundvallar hlutafélagavæðingu opinbers rekstrar.

Þá leggur ASÍ til að tekið verði upp í frumvarpið ákvæði þess efnis að opinbert hlutafélag geti verið eigu eins aðila, en í 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélaga er gert ráð fyrir því að í hlutafélagi skulu jafnan vera tveir hluthafar hið fæsta.

#### *Um 3. gr.*

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að félag skuli einungis teljast opinbert hlutafélag sé það 100% í eigu hins opinbera. Í þessu ákvæði frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir þeim möguleika að einstakir stjórnarmenn og/eða framkvæmdastjóri slíkra félaga eigi hluti í þeim. Með þeim breytingum sem ASÍ leggur til að gerðar verði á 1. gr. frumvarpsins þá getur 3. gr. frumvarpsins hins vegar staðið óbreytt. Hafa má hér hliðsjón af 53. gr. dönsku hlutafélagalaganna.

#### *Um 4. gr.*

Ekki er gerð athugasemd við efni þessarar greinar. Á það er þó bent að heppilegra væri ef frumvarpið hefði að geyma umfjöllun um efni slíkra starfsreglna. Má hafa hér 7. mgr. 56. gr. dönsku hlutafélagalaganna til hliðsjónar.

#### *Um 5. og 6. gr.*

Gerð er athugasemd við þá afmörkun sem felst í orðinu aðalfundur en með gagnályktun frá þessu ákvæði frumvarpsins má segja að aðrir hluthafafundir skuli samkvæmt ákvörðun stjórnar vera lokaðir fjölmiðlum, og öðrum.


Engin rökstuðningur fylgir þeirri tillögu frumvarpsins að takmarka aðgengi fjölmiðla við aðalfund opinberra hlutafélaga. Mikilvægar ákvarðanir í málefnum opinbers hlutafélags, s.s. breytingar á samþykktum félags, þ.m.t. að því er varðar tilgang þess og stefnu er hægt að taka á fundum hluthafa milli aðalfunda. Hið opinbera getur hvenær sem er í krafti eignarréttar síns óskað eftir boðun hluthafafundar til að skapa rétta lagaumgjörð fyrir ákvarðanir sem skipta miklu máli varðandi ferlið við sölu á hlutum í félaginu. Þarf ekki aðalfund til. Í dönsku hlutafélagalögunum er þessi greinarmunur ekki gerður á aðalfundi og hluthafafundi í þessu sambandi og engin ástæða að hann sé gerður samkvæmt íslensku hlutafélagalögunum.

*Um 8. gr.*

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um að upplýsingar stjórnar geti verið byggðar á fyrirspurn frá hluthafa. Slíkt ákvæði er þegar að finna í 91. gr. núgildandi laga og verður ekki séð hvaða nýmæli felst í þessari grein frumvarpsins. Í þessu ákvæði er hins vegar verið að undirstrika þá takmörkun á aðgengi að hluthafafundum í opinberum hlutafélögum sem lögð er til í 5. og 6. gr. frumvarpsins.

Alþýðusambandið leggur til að tekið verði upp í frumvarpið ákvæði er tryggi rétt starfsmanna eða fulltrúa þeirra til að sækja hluthafafundi í opinberum hlutafélögum og að þeir hafi þar málfrelsi. Myndi slíkur réttur styðja mjög við skyldur atvinnurekanda gagnvart fulltrúum starfsmanna samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

F.h. Alþýðusambands Íslands,



Ingvar Sverrisson

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1089  
komudagur 27.2.2006



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2006

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.**

BSRB gerir athugasemdir við það að hlutafélög sem eru í eigu hins opinbera að öllu leyti heyri ekki undir stjórnslögum, upplýsingalögum, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Árin 1993 og 1996 voru sett hér skýr og einföld lög, þ.e. upplýsingalög og stjórnslög, sem gilda um stjórnslöguna til þess að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almennings þágu. Sú leið að opna á einhverskonar upplýsingaskyldu svokallaðra opinberra hlutafélaga í frumvarpinu kemur ekki í staðin fyrir þær lágmarksreglur sem eru í upplýsingalögum og stjórnslögum. Að mati BSRB eru um mikla afturför að ræða varðandi skyldur ríkisfyrirtækja.

F.h BSRB

  
Svanhildur Halldórsdóttir

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/03**  
**komudagur 17.2.2006**

**Alþingi**  
**Hlín Lilja Sigfúsdóttir**  
**Kirkjustræti**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 15.02.2006  
Tilv. 20.12  
GG

Efni: Umsögn um þingmál nr. 404 og 436 - frumvörp til laga um opinber hlutafélög.

Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur borist ofangreind erindi til umsagnar. Þar sem Faxaflóahafnir sf. eru sameignarfélag hafa ákvæði nefndra lagafrumvarpa ekki áhrif á rekstur fyrirtækisins og því ekki tekin efnisleg afstaða til einstakra efnisatriða í frumvörpunum. Athygli er þó vakin á því að við stofnun Faxaflóahafna sf. þótti þeim 10 sveitarfélögum sem stóðu að stofnun fyrirtækisins réttast að notast við sameignarfélagsformið fremur en stofna hlutafélag um reksturinn.

Virðingarfyllst,



Gísli Gíslason, hafnarstjóri



Félag löggiltra endurskoðenda

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/988**  
**komudagur 23.2.2006**

Reykjavík 22. febrúar 2006  
Tilv. FLE 1-2006

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**c/o Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**


**Málefni: Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.**

Með bréfi dags. 10. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,  
Félag löggiltra endurskoðenda

  
Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir  
frankvæmdastjóri FLE

# Álitsnefnd

## Félags löggiltra endurskoðenda

---

Reykjavík, 22. febrúar 2006  
Tilv. FLE 1-2006

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda  
Lárus Finnbogason, formaður  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík

**Málefni: Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.**

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórn FLE ofangreint erindi til álitsnefndar félagsins. Álitsnefnd FLE tók málið fyrir á fundi sínum í dag og gerir neðanskráðar athugasemdir.

4. gr.

Í þessari grein er óljóst ákvæði um að birta skuli upplýsingar á ótilgreindum stað á vefnum.

Lagt er til að í stað þess verði kveðið skýrt á um hvar á vefnum birta eigi þessar upplýsingar og gæti það t.d. verið á heimasíðu Fjármálaráðuneytisins eða Viðskiptaráðuneytisins.

5. gr.

Samkvæmt 5. gr. er fulltrúum fjölmiðla heimilað að sækja aðalfund hlutafélags, en ekki einvörðungu aðalfund opinbers hlutafélags eins og athugasemd við 5. gr. bendir þó til að ætlunin hafi verið. Eigi verður séð að ástæða sé til að bjóða fulltrúum fjölmiðla á aðalfundi allra hlutafélaga.

Lagt er til að skeytt verði aftan við “.....aðalfund” [opinbers hlutafélags].

7. gr.

Í þessari grein virðist gert ráð fyrir að fulltrúar fjölmiðla hafi aðgang að fundargerðarbókum allra hlutafélaga vegna aðalfundar. Ákvæði þetta ætti eingöngu að taka til opinberra hlutafélaga.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi: “Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabók vegna aðalfundar **opinbers hlutafélags** eða staðfestu endurriti fundargerðar aðalfundar á skrifstofu félagsins.

9. gr.

Í þessari grein er óljóst ákvæði um að birta skuli upplýsingar á ótilgreindum stað á vefnum.

Lagt er til að í stað þess verði kveðið skýrt á um hvar á vefnum birta eigi þessar upplýsingar og gæti það t.d. verið á heimasíðu Fjármálaráðuneytisins eða Viðskiptaráðuneytisins, sama athugasemd og við 4. gr.

Í greininni er vísað til hálfársuppgjörs, sem er orð sem er á miklu undanhaldi í reikningsskilafræðum og alls ekki nægilega skilmerkilegt. Betur fer á því að nota orðið árshlutareikningur.

Lagt er til að í stað hálfársuppgjörs komi “sex mánaða árshlutareikning”.

Í athugasemdum um 9. gr. er vísað til hlutafélagaskrár, en sú stofnun mun ekki lengur vera til, heldur er í hennar stað kominn stofnun sem ber heitið fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 17/2003.

Virðingarfyllst

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

*Ólafur Þorvaldursson*  
*Margrjet G. Flaxey,*  
*Guindur Árnason,*  
*Gustur Gunnarsson*  
*Anna L. Traustad.*



# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/987*  
*komudagur 23.2.2006.*

22. febrúar 2006  
Tilvísun: 2006020030

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 10. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði inn í lög nr. 2/1995 um hlutafélög nokkur ákvæði varðandi opinber hlutafélög, þ.e. hlutafélög sem hið opinbera á að öllu leyti.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og tekur ekki afstöðu til efnis þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Ragnar Hafliðason

  
Björg Fenger



## JAFNRÉTTISRÁÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1070  
komudagur 27.2.2006

Reykjavík, 23. febrúar 2006.


### Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

**Varðandi:** Umsögn Jafnréttisráðs um frumvarp um hlutafélög, mál 404 og frumvarp um hlutafélög, mál 436

Jafnréttisráð tók til umfjöllunar á fundi sínum þann 23. febrúar erindi frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá 10. febrúar sl. Þar var farið fram á að Jafnréttisráð gæfi umsagnir um frumvörp um hlutafélög, mál 404 og 435. Jafnréttisráð fór af kostgæfni yfir þær greinar í fyrrgreindum frumvörpum er taka á kjöri í stjórn hlutafélaga í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Niðurstaða ráðsins var sú að þau mál sem hér eru til meðferðar mæla ekki sérstaklega með því að tekinn verði upp kynjakvóti heldur á að nægja tilvísun til jafnréttis laga. Í jafnréttis lögum kemur fram að í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga sitji sem næst jafnmargar konur og karlar – þegar því verður við komið. Í lögnum er einnig bent á að minnast á þetta lagaákvæði þegar manna á nefndir, ráð og stjórnir. Þar sem umrædd lagafrumvörp ná eingöngu til hlutafélaga sem eru að öllu leyti í eigu opinbera aðila gerir Jafnréttisráð þá sjálfsögðu kröfu til þeirra sem hafa að gera með setningu laga og framkvæmd þeirra að fylgt sé ákvæðum jafnréttis laga. Sérstakt lagaákvæði um kynjakvóta ætti því ekki að þurfa hér. Í umfjöllun Jafnréttisráðs um lagafrumvörpin kom fram það sjónarmið að kynjakvóta fylgdi oft neikvæð umræða sem unnið gæti gegn sjónarmiðum jafnréttis. Í þessu sambandi má vísa í skýrslu Tækifærisnefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um aukinn hlut kvenna í yfirstjórnnum fyrirtækja – “Aukin tækifæri í forystu atvinnulífsins”. Þar kemur m.a. fram að þær konur sem setjast í stjórnir í skjóli kynjakvóta eigi á hættu liggja undir ármælum. Stjórnarsetu hafi þær óðlast vegna kynjakvóta en ekki í krafti hæfileika sinna. Jafnréttisráð vill leggja á það áherslu að hvergi má hvika frá þeirri hugarfarsbreytingu sem nauðsynleg er til að jafna hlut kvenna í stjórnnum. Það má velta því fyrir sér hvort það að teljast hæfur til setu í stjórnnum ráðist ekki af “karllægum” viðmiðum og gildismati. Þeir sem eiga og bera ábyrgð á mönnun í stjórnir fyrirtækja verða að sjá að með jafnri aðkomu kynjanna í stjórnir eykst margbreytileikinn og fyrirtækin koma betur til móts við ólíkar þarfir viðskiptavinanna og þau verða þar með eftirsóknarverðari til samstarfs og viðskipta og þar með hæfar í samkeppni.

Jafnréttisráð lítur á lögbundinn kynjakvóta sem neyðarúrræði.

f.h. Jafnréttisráðs

  
Fanný Gunnarsdóttir  
-formaður-

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík.

Akureyri 20. feb. 2006


**Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.**


Með bréfi dags. 10. febrúar 2006 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið. Eftirfarandi er umsögn stofunnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólki Jafnréttisstofu er það mikil ánægja að leitað sé til stofunnar um umsögn á þessum málaflokki, enda er nauðsynlegt að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í alla ákvarðanatöku.

Jafnréttisstofa hefur ekki athugasemdir við frumvarpið, en vill taka fram eftirfarandi. Í 4. gr. frumvarpsins kemur orðrétt fram: „Í opinberum hlutafélögum þar sem fulltrúar íslenska ríkisins eða sveitarfélaga, eins eða fleiri, skipa meiri hluta stjórnarmanna skal hlutfall kynja í stjórn vera sem jafnast og hvort kyn um sig skal ekki vera undir 40% fulltrúa stjórnarmanna“. Líkt og kemur fram í skýrslu Tækifærisnefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um aukinn hlut kvenna í yfirstjórnnum fyrirtækja, er hlutur kvenna hér á landi mjög rýr. Í 500 stærstu fyrirtækjum Norðurlandanna eru hlutur kvenna að meðaltali 16,5%. Í einstökum löndum er staðan eftirfarandi: Hlutur kvenna í stjórnnum fyrirtækja í Noregi er 22%, Svíþjóð 19%, Finnlandi 13%, Danmörku 12% og á Íslandi eru 11% stjórnarmeðlima konur. Norðmenn hafa gengið lengst í sértækum aðgerðum til að jafna hlut kvenna og karla í stjórnnum opinberra fyrirtækja og hafa þeir einnig náð bestum árangri af Norðurlöndunum. Konur eru um 45% af stjórnarmeðlimum í opinberum fyrirtækjum í Noregi. Má því segja að þar sé kynjajöfnuði náð, að þessu leyti. Stofan fangar því aðgerðum á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri



KAUPHÖLL ÍSLANDS  
Iceland Stock Exchange

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/986**  
**komudagur 23.2.2006**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22.02.2006  
Tilvísun 111  
ÁSK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinber hlutafélög, mál 404 og 436**

Vísað er til bréfa efnahags- og viðskiptanefndar frá 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um opinber hlutafélög, mál nr. 436 og mál 404.

Kauphöll Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvörpin.

Virðingarfyllst,

  
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,  
lögfræðingur.



Góðir straumar í 40 ár

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/966**  
**komudagur 22.2.2006**

Nefndasvið Alþingis  
Berist efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10

Tilvísun vor: 98.11  
Dags.: 22.02.2006

150 REYKJAVÍK

Efni: **Breyting á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög (opinber hlutafélög) – 404. mál**

Með bréfi nefndarinnar frá 10. febrúar 2006 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög) 404. mál.

Landsvirkjun telur frumvarpið að ýmsu leyti til bóta og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst

*Örlygur Þórðarson*  
Örlygur Þórðarson  
yfirmaður lögfræðimála





Reykjavíkurborg  
Skrifstofa borgarstjórnar

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/866*  
*komudagur 15.2.2006*

Reykjavík, 13. febrúar 2006  
R06020072  
175  
ÓKH/isd

## ORÐSENDING

**Viðtakandi:** Stjórnsýslu- og starfsmannasvið


**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjórnar

---

### *Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög*

Borist hefur borgarráði bréf nefndarritara efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 10. þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn um hjálagt frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.

Erindinu, sem fylgir í ljósriti, er hér með f.h. borgarráðs vísað til meðferðar stjórnsýslu- og starfsmannasviðs.

  
Ólafur Kr. Hjörleifsson

Afrit:  
Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis



Borgarstjórinn í Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1041  
komudagur 24.2.2006

Reykjavík, 23. febrúar 2006  
R06020072  
175  
ÓKH/isg

Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari  
Þórshamri við Templarasund  
150 REYKJAVÍK

***Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. og 436. mál, opinber hlutafélög***

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu frá 17. þ.m. um frumvörp til laga um opinber hlutafélög, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 10. s.m.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir



Reykjavík, 17. febrúar 2006  
R06020072  
175  
KSt/ás

Borgarráð

**Frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög og frumvarp til laga um hlutafélög, 436. mál, opinber hlutafélög**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur sent Reykjavíkurborg til umsagnar tvö frumvörp til laga um hlutafélög, opinber hlutafélög, 404. og 436. mál. Frestur til að skila umsögnum um frumvörpin er til 23. febrúar n.k.

Undanfarin ár hefur það færst mjög í vöxt að stofnuð séu hlutafélög til að fara með verkefni opinberra aðila. Enda hlutafélagaformið að mörgu leyti mjög aðgengilegt rekstrarform. Þótt telja verði þarft að fram komi frumvörp sem miði að því að skilgreina sérstöðu opinberra hlutafélaga og rétt hluthafa, kjörinna fulltrúa og almennings til upplýsinga um málefni slíkra félaga er vakin athygli á því að þau sjónarmið sem eiga við um hlutafélög í opinberri eigu eiga ekki síður við um fleiri fyrirtækjaform. Er þar fyrst að nefna sameignarfyrirtæki en bæði Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur eru sameignarfyrirtæki. Þá eru Faxaflóahafnir sf. sameignarfélag. Um sameignarfyrirtæki og sameignarfélög gilda, eins og um hlutafélög, reglur einkaréttarins en ekki opinbers réttar. Ef talið er tilefni til að setja sérstök lagaákvæði um hlutafélög í opinberri eigu, þ.m.t. upplýsingaskyldu félaganna til kjörinna fulltrúa og almennings, er ekki síður þörf á að samskonar ákvæði verði látin gilda um annað fyrirtækjaform á einkaréttarsviði í eigu opinberra aðila. Miklu skiptir að sveitarfélög hafi fullt svigrúm til að velja það fyrirtækjaform sem hverju sinni hentar tilteknum rekstri sveitarfélagsins. Því er mikilvægt að það séu ekki mismunandi ákvæði um upplýsingaskyldu fyrirtækjanna sem ráði slíku vali heldur það rekstrarform sem hentugast þykir hverju sinni.

Þá verður að telja eðlilegt í ljósi stjórnarskrárvarins sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna að samráð sé haft við sveitarfélögin áður en sérstök lagaákvæði eru sett um slíka aukna upplýsingaskyldu og annað sem sérstaða slíkra fyrirtækja kallar á. Slíkt samráð ætti m.a. að taka til þess hversu langt beri að ganga í lagasetningu, hvaða svigrúm sveitarfélög eiga hugsanlega að hafa til að kveða á um upplýsingaskyldu einstakra fyrirtækja í samþykktum þeirra o.s.frv. Með vísan til framansagðs er ekki tilefni að svo stöddu til að gera efnislegar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpanna tveggja

Kristbjörg Stephensen, hdl.  
skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu



DATE

REFERENCE

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. mars 2006 2006020178

Með bréfi dags. 10. febr. 2006 óskar Efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um hlutafélag, 404. mál, opinber hlutafélög.

Í frumvarpinu á þingskjali 520 eru lagðar til breytingar á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Í frumvarpinu er lagt til að inn í þau lög sem verið er að breyta verði tekin skilgreining á hugtakinu opinbert hlutafélag og ennfremur að í þau verði sett sérákvæði um þessi félög að því er tekur til jafnréttisákvæða, upplýsingaskyldu stjórnenda, birtinga á reglum og ársreikningum og rétti fölmiðla til að sækja aðalfund.

Embætti ríkisskattstjóra starfrækir hlutafélagaskrá og sér um skráningu fyrirtækja almennt. Embættið telur því nauðsynlegt að lagaákvæði sem lúta að starfsemi félaga séu afdráttarlaus og skýr um þau atriði sem máli skipta varðandi skráningu félaga og eftirlit með þeim svo sem varðandi skil á ársreikningum og öðrum gögnum. Embættið leyfir sér því að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp þetta.

Í fyrstu grein frumvarpsins er opinbert hlutafélag skilgreint með þeim hætti að það sé félag sem hið opinbera á að öllu leyti. Vakin skal athygli á tvennu í þessu sambandi. Í fyrsta lagi má skilja setninguna á þann veg að skilgreiningin taki til annarra félagsforma en hlutafélaga einna, t.d. einkahlutafélaga, að því gefnu að hið opinbera eigi að öllu leyti. Hins vegar vekur athygli að notað er orðalagið hið opinbera, án þess að skýrt komi fram við hverja er átt með því. Í greinagerð er tekið sem dæmi að um geti verið að ræða ríki eða ríkisstofnanir, sveitarfélög eða sveitarfélagastofnanir en að óljóst er að öðru leyti hvað undir þetta hugtak fellur. Í dönsku lögnum sem samkvæmt greinagerðinni voru höfð til hliðsjónar er hugtak þetta mun þrengra og tekur aðeins til félaga sem að eru í eigu ríkisins.


Þá má benda á visst ósamræmi milli frumvarps þessa og laga um hlutafélög þar sem í þeim lögum er áskilnaður þess efnis að hluthafar í hlutafélagi skulu minnst vera tveir. Er því ekki ljóst t.d. hvort hlutafélag í eigu eins "opinbers" aðila telst vera opinbert hlutafélag og falli sem slíkt undir lög um hlutafélög eða hvort það eigi að flokka og skrá sem einkahlutafélag.

Í annarri grein frumvarpsins er kveðið á um að gæta skuli sérstaklega að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það er óneitanlega nokkuð sérkennilegt að kveða sérstaklega á um í lögum að fari skuli að öðrum lögum en vekur jafnframt upp spurningar um hlutverk eftirlits og skráningaraðila í þessu efni.

Um þriðju greinina skal bent á að sú upplýsingakvöð sem þar er lögð á stjórnarmenn og framkvæmdastjóra er til muna viðtækari en almennt er í hlutafélögum. Stjórnarmenn í almennum hlutafélögum skulu gefa skýrslu um eign sína í viðkomandi félagi og dótturfélögum þess en hér er kveðið á um að veita upplýsingar um alla hlutafjäreign stjórnarmanna og jafnvel eign sína í öðrum félögum.

Í 4. og 9. grein frumvarpsins er fjallað um birtingu á starfsreglu stjórnar og ársreikningum félagsins og kveðið á um að þessi gögn skuli birta á vefsíðu félagsins eða annars staðar á vefnum. Annars vegar skal bent á að notkun nafnsins "vefsíða" er e.t.v. ekki heppileg m.t.t. orðalags tilskipunar Evrópuráðsins 2003/58/EB en í henni er notað hugtakið "vefsetur". Hins vegar skal bent á að ákvæði um birtingar tilgreindra upplýsinga "annars staðar á vefnum" er full óljóst. Upplýsingagildi þess að birta efni á einhverri ótiltekinni vefsíðu er ekkert.

Virðingarfyllt



Indriði H Þorláksson  
ríkisskattstjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 132/1040  
komudagur 24.2.2006

23. febrúar 2006  
SI-27401

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. febrúar 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um hlutafélög, 404. mál, opinber hlutafélög.

Efni frumvarpsins fellur utan sérsvið Seðlabanka Íslands og tjáir hann sig því ekki um einstök atriði þess. Almennt má þó ætla að frumvarpið sé til bóta. Seðlabankinn vekur þó athygli á að æskilegt er að löggjöf á þessu sviði sé í meginatriðum í samræmi við það sem gerist meðal nágrannaþjóða.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1039  
komudagur 24.2.2006



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

23. feb. 2006

Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um hlutafélög, 404.mál, opinber hlutafélög.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið frumvarpið og gera ekki athugasemdir við það í heild né einstakar greinar þess. Eðlilegt er að jafnaði að rekstur sem fram fer fyrir opinbert fé hlíti upplýsingaskyldu og að gögn um hann séu aðgengileg þeim sem þau vilja skoða. Almennt er óheppilegt að ríkið sé í rekstri á samkeppnismarkaði og opinber hlutafélög eru helst stofnuð utan um slíkan rekstur. Stíft aðhald og gegnsæi eru því nauðsynleg um slíkan rekstur og frumvarpið stuðlar að því.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

*Alþingi*  
*Erindi nr. P132/985*  
*komudagur 23.2.2006.*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 22. febrúar 2006.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á l. um hlutafélög nr. 2/1995 (404. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem fjallar um opinber hlutafélög.

Kostir þess að breyta stofnunum í hlutafélag eru aðallega þeir að það einfaldar einkavæðingu í kjölfarið auk þess sem ábyrgð stjórnenda er skýrari. Gallarnir eru hinsvegar þeir að stofnanir sem verða að hlutafélögum hafa meiri tilhneigingu til að hegða sér eins og einkaaðilar, t.d. er aukin hættu á því að stofnunin hefji samkeppni við einkaaðila. Það hefur lengi verið stefna Viðskiptaráðs að ríkið eigi að hætta þeirri starfsemi sem einkaaðilar geta innt jafn vel eða betur af hendi. Ráðið telur því að almennt sé heppilegt að breyta stofnun ekki í hlutafélag nema það sé gert sem undanfari einkavæðingar.

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllt,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

  
Davíð Þorláksson